



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 32/2016

## Auðkennið DÝRAVERNDARARINN

### I.

#### Erindið

Með erindi Dýraverndarsambands Íslands, dags. 1. október 2015, var kvartað yfir notkun Árna Stefáns Árnasonar á léninu [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is), heitinu Dýraverndarinn og myndmerkinu DÝRAVERNDARARINN í óþökk réttshafans, Dýraverndarsambands Íslands.

Í erindi Dýraverndarsambands Íslands kemur fram að Dýraverndarfélag Íslands hafi verið stofnað árið 1914 en eftir breytingar á lögum árin 1953 og 1996 beri félagið nú heitið Dýraverndarsamband Íslands og sé skammstöfun sambandsins DÍS en hafi áður verið DÍ. Félagið hafi óslitna sögu og gögn því til stuðnings. Ári eftir stofnun félagsins hafi félagið hafið útgáfu á tímaritinu *Dýraverndarinn* og hafi útgáfan staðið samfleytt yfir frá árinu 1915 til ársins 1983, þó með breytilegum fjölda tölublaða fyrir hvert ár, samtals á fimmta hundrað tölublöð. Árið 2011 hafi verið ákveðið að endurvekja útgáfu tímaritsins, fyrst á rafrænu formi á vefsíðu Dýraverndarsambands Íslands árið 2012 en strax ári síðar á prentuðu formi. Áskriftargjald af tímaritinu sé greitt með félagsgjöldum og fái hver félagi eintak sent á heimili sitt. Auk þessa sé hægt að nálgast tímaritið í öllum verslunum Eymundsson, í Líflandi og á nokkrum dýralæknastofum.

Hinn 28. nóvember 2011 hafi Árni Stefán, skráð lénið [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is) hjá ISNIC auk þess sem að hann haldi úti Facebook síðu undir nafninu „Dýraverndarinn“ sem sé kostuð þ.e. greitt sé af síðuhafa fyrir dreifingu á henni, og að notað sé myndmerki á henni sem sé í eigu Dýraverndarsambands Íslands. Þá sé birt efni úr gömlum árgöngum *Dýraverndarans*, tímariti Dýraverndarsambands Íslands, á heimasíðunni [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is).

Dýraverndarsamband Íslands hafi eitt rétt til notkunar á vörumerkinu DÝRAVERNDARARINN, og taki það til nota á orðmyndinni sjálfri og tveimur merkingum þess. Vörumerkin séu alls þrjú: a) hin gamla mynd með titlinum á tímaritinu, skráð vörumerki nr. 19/2015 í flokki 16 og 41 (prentaðar bækur og tímarit, fræðsla, menning og rafræn útgáfa) og skráð vörumerki nr. 509/2014 (lifandi dýr), b) hin nýja mynd, skráð vörumerki nr. 18/2015 í sömu flokkum og hið gamla og skráð vörumerki nr. 673/2014 í flokki 31 og c) tvær aðskildar skráningar á orðinu „Dýraverndarinn“, skráð vörumerki nr. 164/2015 einnig í sömu flokkum, og skráð vörumerki



nr. 159/2015 í flokki 31 (lifandi dýr). Gamla myndmerkið hafi verið unnið af Tryggva Magnússyni teiknara og Einari Jónssyni myndhöggvara, og hafa erfingjar þeirra beggja veitt Dýraverndarsambandi Íslands einkaleyfi á því að nýta merkið. Nýja myndmerkið sé unnið af Hallgerði Hauksdóttur þar sem stuðst hafi verið við gamla myndmerkið og hafi Dýraverndarsambandi Íslands verið gefin myndin.

Í bréfinu kemur fram að heitið „dýraverndarinn“ finnist ekki í íslenskri orðabók, ritmálssafni orðabókar Háskóla Íslands né í orðabókinni *Orðið* og hafi því verið nýtt heiti á þeim tíma sem það hafi verið tekið í notkun og skírskoti til einhvers sem hafi velferð dýra í heiðri. Með því að taka upp heitið „dýraverndarinn“ fyrir tímarit sitt hafi Dýraverndarsamband Íslands persónugert ritið, þ.e. heitið sjálft gefi til kynna að ritið sé verndari dýra í stað þess einfaldlega að fjalla um dýr og verndun þeirra. Heitið hafi því bæði verið frumlegt og skapandi á þeim tíma sem ritinu hafi verið gefið nafn. Orðið „dýravínur“ sé hið almenna heiti yfir þá sem láta sér annt um velferð dýra en orðið „dýraverndari“ sé ekki almennt, heldur hafi það nægileg sérkenni, og hafi þannig m.a. verið talið uppfylla kröfur 13. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997. Í því sambandi skipti ekki máli þó vörumerki Dýraverndarsambands Íslands hafi ekki verið skráð fyrr en eftir að Árni Stefán hafi skráð umrætt lén, enda hafi félagið lengi notað auðkennið þegar lénið hafi verið skráð og vísi Dýraverndarsamband Íslands því til stuðnings í úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 6/2011.

Dýraverndarsamband Íslands telji skráningu Árna Stefáns á léninu [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is) ásamt notkun hans á orðinu „dýraverndarinn“ og myndmerki þess geta leitt til þess að villst verði á því og einkenni því sem Dýraverndarsamband Íslands eigi. Þá telji sambandið að Árni Stefán, sem sé lögfræðingur, og segist hafa dýrarétt sem sérsvið, starfi á sama markaði og beini þjónustu sinni að sama markhópi og blaðið *Dýraverndarinn*.

Í tvígang hafi Dýraverndarsamband Íslands farið þess á leit við Árni Stefán að fá lénið afhent þar sem að honum sé óheimilt að nota heitið „Dýraverndarinn“, því það gefi villandi upplýsingar um umboð og að það skapi hættu á að villst verði á notkun Árna Stefáns á léninu og starfsemi Dýraverndarsambands Íslands. Í bæði skiptin hafi hann hafnað umleitan félagsins.

Með vísan til ofangreinds telji Dýraverndarsamband Íslands að notkun lénsins [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is) og Facebooksíðu undir auðkenninu DÝRAVERNDARARINN brjóti gegn ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Samkvæmt framansögðu sé þess óskað að Neytendastofa banni Árni Stefáni að nota lénið [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is) og Facebooksíðu undir auðkenninu DÝRAVERNDARARINN, með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, og geri Árni Stefáni að afskrá lénið hjá ISNIC og Facebook síðuna.



## II. Málsmeðferð

### 1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 5. október 2015, var Árna Stefáni sent erindi Dýraverndarsambands Íslands til umsagnar.

Svar Árna Stefáns barst með bréfi, dags. 28. október 2015. Í bréfinu er bent á upplýsingar um hlutverk Neytendastofu sem fram koma á heimasíðu stofnunarinnar. Hlutverk stofnunarinnar sé að treysta öryggi neytenda og réttindi í viðskiptum og annast framkvæmd laga um neytendavernd, að stunda upplýsingamiðlun til aðila í atvinnulífinu og taka við ábendingum og hafa eftirlit með fyrirtækjum.

Í bréfinu kemur fram að Árni Stefán telji að notkun hans raski ekki öryggi né réttindum neytenda. Að notkun hans sé ekki fjárhagslegs eðlis, hafi aldrei verið það og muni aldrei verða. Þá hafi hann aldrei haft tekjur af dýraverndarstarfi né þeirri notkun sem vísað sé til í erindi Dýraverndarsambands Íslands. Hann sé ekki aðili í atvinnulífi í þessum skilningi og að notkun hans geti ekki skilgreinst sem notkun fyrirtækis eða fagmanns þó svo að hann hafi lokið laganámi. Þá hafi hann aldrei starfað sem lögfræðingur á réttarsviðinu dýraréttur að undanskildum tveimur tilvikum á síðustu fjórum árum og að hann hafi aldrei vanvirt réttindi neytenda samkvæmt þeim lögum sem Neytendastofa hafi eftirlit með.

Því sé mótmælt að notkun á auðkenninu DÝRAVERNDARINN og léninu dyraverndarinn.is brjóti gegn ákvæðum 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Með vísan til 1. gr. nefndra laga þar sem segi að lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi sé bent á að notkunin sé ekki í atvinnustarfsemi og því mótmælt að reynt sé að villa á sér heimildum í fjárhagslegum tilgangi. Tilgangurinn hafi aldrei verið slíkur og muni ekki verða það og skattskýrslur geti sýnt fram á að engum tekjum hafi verið aflað sem lögfræðingur á sviði dýraverndar. Hann hafi þó lagt út umtalsverðan kostnað vegna dýraverndarstarfa sinna. Tekið er fram að hann sé eini íslenski lögfræðingurinn með sérþekkingu á sviði dýraverndunarlaga og hafi því verið áberandi í fjölmiðlum vegna þess. Þar af leiðandi sé hægt að draga þær ályktanir að hann sé í fullu starfi sem lögfræðingur á sviði dýraverndar og að hann hafi fjárhagslegan ávinning af slíku. Ástæða þess að hann titli sig sem sérfræðing í íslenskri dýraverndunarlöggjöf sé sú að hann hafi verið fyrsti íslenski laganeminn sem hafi skrifað meistararitgerð sem lokaverkefni, við íslenska lagadeild, um réttaráhrif og framkvæmd dýraverndarlaga á Íslandi, árið 2011.

Tekið sé fram að málið hafi átt sér langan aðdraganda og að hann telji að málið hafi ekkert með réttarstöðu neytenda að gera heldur snúist málið um persónulegan ágreining milli hans og stjórnar Dýraverndarsambands Íslands allt til ársins 2011 þegar hann hafi gagnrýnt stjórnarhætti þess opinberlega. Hann hafi gagnrýnt stjórnarhætti Dýraverndarsambands Íslands þar sem hann telji að þeir komi niður á virkri dýravernd á Íslandi og að hann telji að



erindið sé tilraun til þöggunar á málflutningi hans undir því yfirskyni að Dýraverndarsamband Íslands sé réttmætur eigandi auðkennisins „Dýraverndarinn“.

Hann hafi á sínum tíma hafið notkun á fyrrnefndum heitum með fullri og athugasemdalausri vitneskju þáverandi stjórnarmanna Dýraverndarsambands Íslands. Á þeim tímapunkti þegar hann hafi notað heitið „Dýraverndarinn“ hafi útgáfa tímaritsins *Dýraverndarinn* legið niðri í 28 ár. Megintilgangur þess að nota lénið hafi verið sá að draga saman sögu dýraverndar á Íslandi, og einkum þó, að halda við minningu Tryggva Gunnarssonar stofnanda Dýraverndarfélag Íslands en Tryggvi Gunnarsson hafi verið frumkvöðull á sviði dýraverndar hér á landi.

Skráningu Einkaleyfastofu hafi ekki verið mótmælt en slík mótmæli muni verða gerð í samræmi við ákvæði laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, þar sem að hann telji skráninguna ekki uppfylla lagaskilyrði, t.d. um hagnýtingu í atvinnurekstri, sbr. 1. gr. þeirra laga en slíkt leyfi veiti einkarétt á hagnýtingu í atvinnuskyni einvörðungu. Þá telji hann að fráleitt sé að um nýmæli sé að ræða, sem sé eitt af skilyrðum þess að vörumerki fái skráð. Á grundvelli þessa muni hann gera athugasemdir við ofangreinda skráningu. Reynist þær athugasemdir tilgangslausar muni hann beita 63. og 64. gr. laga nr. 17/1991 í þeim tilgangi að fá skráningunni hnekk.

Í bréfi Dýraverndarsambands Íslands séu staðhæfingar um að hann starfi á sama markaði og beini þjónustu sinni að sama markhópi og blaðið *Dýraverndarinn*. Það sé ekki rétt þar sem skrif hans feli ekki í sér starf þar sem enginn fjárhagslegur ávinningur sé af skrifunum. Þá sé ekki verið að veita þjónustu heldur sé verið að skrifa af fúsum og frjálsum vilja og þar sem skrifin séu vinsæl af lesendum hafi þeim verið viðhaldið.

Þá sé því hafnað að félagasamtök á borð við Dýraverndarsamband Íslands geti öðlast einkarétt til notkunar á orði sem notað sé dags daglega af stórum hópi dýraverndarsinna á Íslandi á einn eða annan hátt í umfjöllun um málefni dýraverndar.

## 2.

Með bréfi Neytendastofu dags. 3. nóvember 2015, var Dýraverndarsambandi Íslands sent bréf Árna Stefáns til umsagnar. Svar barst með bréfi, dags. 19. nóvember 2015. Í bréfinu eru áréttuð þau rök sem áður voru færð fram í erindi Dýraverndarsambands Íslands, dags. 1. október 2015.

Dýraverndarsamband Íslands eigi sér óslitna sögu frá árinu 1914 og hafi staðið fyrir útgáfu á tímaritinu *Dýraverndarinn* frá árinu 1915 til ársins 1983. Jafnframt hafi heitið verið notað með áberandi hætti á forsíðu heimasíðu félagsins sem notuð hafi verið árin 2008-2012, þar til ný heimasíða hafi tekið við og tímaritið hafið að birtast rafrænt. Einnig hafi heitið lengi verið notað með áberandi hætti á forsíðu heimasíðunnar sem hafi verið uppi fyrir árið 2008 og að tímaritið sé því í huga margra óslitið tengt Dýraverndarsambandi Íslands.



Ákvæði 51. gr. höfundalaga, nr. 73/1972 mæli fyrir um að hafi höfundur notað sérstakan titil á birtu verki sé öðrum óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða áþekku, að líklegt sé að villst verði á verkunum eða höfundum þeirra. Sérstaklega sé tekið fram í athugasemdum við greinina í frumvarpi til laganna að ákvæðið taki til titla, t.d. á bókum og tímaritum, án tillits til þess hvort að þeir séu verndaðir að höfundarrétti eða verndartími liðinn. Einnig sé tekið fram að þó svo að ákvæði laga, nr. 84/1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, kunni að eiga við um það efni sem greinin fjalli um, þyki samt henta að hafa um það sérákvæði í höfundalögum. Þó að erindi þetta varði ekki höfundalög sé ekki hægt að líta fram hjá því að viðfangið sé hið sama, að koma í veg fyrir rugling, enda hafi slíkur ruglingur valdið vanda fyrir hagsmuni tímarits Dýraverndarsambands Íslands.

Í lögum nr. 57/2005 sé tímafrestur ekki tilgreindur. Samkvæmt lögum nr. 73/1972 sé hætta á ruglingi þó svo að höfundarréttur eða verndartími sé liðinn. Ekki sé ástæða til að ætla að lög nr. 57/2005 gangi skemur í tilgangi sínum að tryggja gagnsæi og koma í veg fyrir rugling, heldur að túlka eigi lög til samræmis við sérlög.

### 3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 25. nóvember 2015, var Árna Stefáni sent bréf Dýraverndarsambands Íslands til umsagnar. Svar barst með bréfi, dags. 15. desember 2015. Í bréfinu er vísað til þeirra röksemda sem fram komu í bréfi Árna Stefáns, dags. 28. október 2015, og áréttað að athugasemdir verði gerðar við skráningu Einkaleyfastofu. Reynist það tilgangslaust muni hann beita 63. gr. og 2. og 3. ml. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 17/1991 í þeim tilgangi að fá úr því skorið hvort umræddar skráningar standist lög.

### 4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. janúar 2016, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið. Með bréfinu fylgdi upptalning á gögnum málsins.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar Dýraverndarsamband Íslands yfir notkun Árna Stefáns Árnasonar á auðkenninu DÝRAVERNDARINN, myndmerki dýraverndarans og lénsins dýraverndarinn.is. Dýraverndarsamband Íslands eigi vörumerkin DÝRAVERNDARINN skráð hjá Einkaleyfastofu og hætta sé á að villst verði á skráningu Árna Stefáns á léninu dýraverndarinn.is og notkun hans á auðkenninu DÝRAVERNDARINN og myndmerki þess og starfsemi Dýraverndarsambands Íslands. Að mati Dýraverndarsambands Íslands starfi Árni Stefán á sama markaði og beini þjónustu sinni að sama markhópi og blaðið *Dýraverndarinn* sem Dýraverndarsamband Íslands gefi út. Af hálfu Dýraverndarsambands



Íslands er þess krafist að Neytendastofa banni Árna Stefáni notkun auðkennisins þar sem notkunin brjóti í bága við 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sbr. og 5. gr. sömu laga.

Af hálfu Árna Stefáns er því hafnað að brotið sé gegn rétti Dýraverndarsambands Íslands eða ákvæðum laga nr. 57/2005. Notkunin raski hvorki öryggi né réttindum neytenda. Notkunin sé ekki fjárhagslegs eðlis og hann sé ekki aðili í atvinnulífi í skilningi laga nr. 57/2005. Mótmælt er að Árni Stefán og Dýraverndarsamband Íslands starfi á sama markaði og að hann beini þjónustu sinni að sama markhópi og blaðið *Dýraverndarinn* þar sem að skrif hans feli ekki í sér starf í skilningi þess að um fjárhagslegan ávinning sé að ræða og hann veiti enga þjónustu heldur skrifi af fúsum og frjálsum vilja. Þá er því hafnað að félagasamtök á borð við Dýraverndarsamband Íslands geti öðlast einkarétt til notkunar á orði sem sé notað dags daglega af stórum hópi dýraverndarsinna á Íslandi á einn eða annan hátt.

## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér þrenns konar reglu þar sem fyrri málslíður 15. gr. a. hefur að geyma annars vegar almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á og hins vegar bann við því að reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ákvæði 2. másl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarkrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á það veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Síðari hluti 1. másl. og 2. másl. eiga við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess



hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun veiti villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð eða valdi því að ruglingshætta skapist milli aðila.

Í bréfum Dýraverndarsambands Íslands hefur jafnframt verið vísað til 13. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki auk 51. gr. höfundalaga nr. 73/1972. Neytendastofu er ekki falið eftirlit með þeim lögum og getur stofnunin því ekki tekið ákvörðun á grundvelli þeirra laga.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlist einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að merkið sé almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið býður. Við mat á ruglingshættu er einnig litið til þess hvort fyrirtækin starfi á sama markaði, með hvaða hætti auðkennin eru notuð og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að Dýraverndarsamband Íslands hafi hafið notkun á bæði orðmerkinu og myndmerkinu DÝRAVERNDARINN á ný á árunum 2008-2012 auk þess sem Dýraverndarsamband Íslands gaf út tímaritið *Dýraverndarinn* frá árinu 1915 til ársins 1983. Af gögnum málsins má ráða að Árni Stefán hafi hafið notkun á orðmekinu og myndmerkinu árið 2013. Auk þess fékk Dýraverndarfélag Íslands skráð orðmerkið DÝRAVERNDARINN og myndmerkið hjá Einkaleyfastofu, sbr. vörumerkjaskráning 18/2015, 19/2015 og 164/2015, umsóknir frá 26. september 2014 og vörumerkjaskráningu 159/2015, umsókn frá 5. maí 2015. Skráningin tekur til flokka 16 og 41 (prentaðar bækur og tímarit, fræðsla, menning og rafræn útgáfa) auk 31 (lifandi dýr).

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 57/2005 merkir atvinnurekstur hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi. Þá segir og í 2. tl. sömu greinar að fyrirtæki sé einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur. Árni Stefán er lögfræðingur að mennt, starfar á sviði dýraverndar og markaðssetur sig sem sérfræðing á sviði dýraverndarlaga. Ekki fæst annað séð en að Árni Stefán hafi með höndum atvinnurekstur í skilningi 3. gr. laga nr. 57/2005.

Báðir aðilar máls láta sig dýravernd varða. Báðir aðilar halda úti vefsvæði sem miðar að dýravernd. Þá notast báðir aðilar máls við heitið „Dýraverndarinn“. Á Facebooksíðu sem Árni Stefán heldur úti, „Dýravinurinn“, sem þegar málið kom til Neytendastofu bar heitið „Dýraverndarinn“ er að finna myndmerki Dýraverndarfélags Íslands, DÝRAVERNDARINN og orðmerkið „Dýraverndarinn“ í annarri útfærslu. Gögn málsins sýna jafnframt að Árni



Stefán heldur úti vefsíðu á léninu [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is) og hefur notað orðmerkið og myndmerkið á vefsíðu undir því léni. Líkt og að framan greinir hefur Dýraverndarsamband Íslands öðlast vörumerkjarétt til orðmerkisins og myndmerkisins DÝRAVERNDARINN bæði með skráningu þess og fyrir langa notkun þess. Neytendastofa telur að framangreind háttsemi Árna Stefáns valdi ruglingshættu á milli aðila. Þá er Dýraverndarsamband Íslands og Árni Stefán Árnason að vinna að sömu markmiðum. Á vefsíðu Árna Stefáns og á Facebook síðu sem að hann heldur úti er svipuð umfjöllun og í blaðinu *Dýraverndarinn* sem að Dýraverndarsamband Íslands gefur út. Eykur þetta verulega hættu á ruglingi.

Með framangreindri skráningu og notkun á léninu [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is) og notkun á auðkenninu DÝRAVERNDARINN hefur Árni Stefán því brotið gegn 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Árni Stefán Árnason, Ölduslóð 38, 220 Hafnarfirði, hefur með skráningu og notkun lénsins [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is) auk notkunar orðmerkisins og myndmerkisins DÝRAVERNDARINN brotið gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Árna Stefáni Árnasyni, bönnuð öll notkun lénsins [dyraverndarinn.is](http://dyraverndarinn.is), orðmerkisins og myndmerkisins DÝRAVERNDARINN. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunarinnar. Skal Árni Stefán Árnason innan þess tíma afskrá lénið hjá ISNIC lénaskrá. Verði ekki farið að ákvörðun þessari má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 29. júní 2016

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir